

Mál nr. 116/2025.

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Nafn váttryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 21. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V, dags 6. maí 2025, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að ágreiningur lúti að því hvort að bótaskylda hafi stofnast úr ábyrgðartryggingu sem X er með hjá V, vegna tjóns sem M urðu fyrir í kjölfar vinnu starfsmanna X við húsnæði M. Í málskoti er atvikum nánar lýst með þeim hætti að M hafi 15. janúar 2024 haft samband við X þegar í ljós hafi komið að lagnir meðfram norðvesturhlíð húss M hafi legið töluvert ofar en þær áttu að gera. Hafi starfsmenn frá X komið þann sama dag og fært lagnirnar neðar. Síðdegis sama dag, þ.e. eftir að því verki var lokið, hafi M tekið eftir því að það kólnaði hratt í húsinu og daginn eftir hafi allir ofnar verið orðnir kaldir og alveg heitavatnslaust í húsinu. Upplýsa M að þau hafi þá haft samband við pípulagningamann sem hafi komið daginn eftir, þ.e. 19. janúar, og sagt að sía væri full af sandi og að það væri hans mat að það mætti rekja til vinnu starfsmanna X tveimur dögum fyrr. Auk þessa upplýsa M að þau hafi tekið eftir því að snjóbræðslukerfi undir bílplani og tröppum sem liggja upp að útidýrahurð hússins, hafi ekki virkað eðlilega eftir framkvæmdir X. Sprungur hafi myndast í steiptum tröppunum, sem M telja að bendi til þess að frosið hafi í lögnum í kjölfar heitavatnsleysis. Í málskotinu færa M jafnframt rök fyrir því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X enda hafi þeir ekki farið nægilega gætilega þegar þeir færðu umræddar lagnir né gengið úr skugga um það við lok verksins að umrædd sía væri ekki stífluð og því tryggt að streymi heitavatnsins yrði eðlilegt. Segjast M hafa í framhaldinu haft samband við X og síðan V. V hafi hins vegar hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X.

Í athugasemdum V til nefndarinnar, dags. 6. maí 2025, kemur m.a. fram að málsaðilum ber ekki saman um það hvernær starfsmenn X unnu framangreint verk. Vísar V til þess að samkvæmt gögnum frá X hafi verkið verið unnið 9. janúar 2024 en ekki 15. janúar eins og M byggja á. Sé atvikum lýst þannig í gögnum frá X að 9. janúar 2024 hafi X endurnýjað heimæð hitaveitu fyrir húseign M eftir að M hafi tilkynnt um að þau hafi grafið í lögnina við framkvæmdir sínar. Hafi M óskað eftir því að lögnin yrði lækkuð. Á meðan á þeim framkvæmdum hafi staðið hafi starfsmenn X lokað fyrir vatnið að húseigninni svo hægt væri að endurnýja heimæðina. Hafi framkvæmdin gengið vel.

Þá hafnar V því að orsakatengsl geti verið milli tjóns M og framkvæmda X við heimæðina og að ekki sé heldur hægt að rekja tjónið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X. Bendir V á að hér hvíli sönnunarbyrðin á M. Er í því sambandi tekið fram að X hafni því alfarið að mistök hafi verið gerð af hálfu starfsmanna enda hafi þeir farið eftir viðurkenndu verklagi við verkið. Því sé ósannað að mikið magn af sandi hafi borist inn í lagnirnar í framkvæmdinni. Tekur V fram að við endurnýjun heimæðar sé lokað fyrir enda lagna þegar þær séu dregnar í lagnastæði til að varna því að óhreinindi komist inn í lagnir. Starfsmenn X hafi því sýnt aðgæslu við framkvæmdina. Þá tekur V fram að það sé ekki hluti af hefðbundnu verklagi að hreinsa síur í húseignum í kjölfar framkvæmda eins og að framan greinir. Líkt og fram komi í 9. gr. reglugerðar um tæknilega tengiskilmála hitaveitna nr. 488/2021 hreinsi X síur eftir þörfum. Ef húseigandi hefur samband og kvartar undan lélegum þrýstingi á heita vatninu fer starfsfólk X á staðinn. V bendir einnig á að X hafi upplýst að það sé hluti af eðlilegum rekstri hitaveitu að óhreinindi geti borist með heitu vatni. Það geti t.d. orðið úrfellingar vegna snefilefna í vatninu eða jarðvegur geti dregist með úr borholum. Þá bendir V á að þegar tjón M hafi átt sér stað hafi verið kalt í veðri og því meira álag á hitaveituna vegna aukinnar notkunar á heitu vatni. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands var meðalhiti í Reykjavík 14. janúar 2024 -5,3 °C, 15. janúar -5,4°C og 16. janúar -6,4 °C þ.e. töluvert undir frostmarki. V telur því ósannað að óhóflegt magn af sandi hafi komist að síunni í tengslum við það verk sem starfsmenn X unnu og því líklegt að sandur hafi verið til staðar í síunni áður en framkvæmdin hófst. Þá hafnar V því alfarið að umsögn pípulagningameistara geti talist

sönnun þess að óhreinindi á síunni hafi verið eftir framkvæmd X. Ljóst sé að ummæli hans séu til marks um að óhreinindi hafið verið í síunni en ekki hvenær þau hafi borist í hana. V telur því ósannað að orsakatengsl séu milli tjóns M og þess að óhreinindi voru í síu sem aftur hafi ollið hitavatnsleysi í húseigninni um tíma. Í þessu sambandi bendir V aftur á að samkvæmt gögnum frá X hafi verkið verið unnið 9. janúar 2024 og að M byggji á að kólnað hafi í húsinu sama dag og verkið var unnið. Vísar V til þess að samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands hafi meðalhiti í Reykjavík 9. janúar 2024 verið +7,4 °C, 10. janúar +6,5°C og 11. janúar +7,1°C, þ.e. töluvert yfir frostmarki. Telur V því ljóst að ekki hafi frosið í lögnunum á þessu tímabili.

Þessu til viðbótar byggir V á því að þó tjónið yrði rakið til óhreinindanna í síu heitavatnsinntaks húseignarinnar líkt og málskotaaðili heldur fram sé það engu að síður mat V að bótaréttur sé ekki til staðar. Færir V ítarleg rök máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ágreiningur þessa máls snýr að hugsanlegri skaðabótaábyrgð X á tjóni sem varð í húsnæði M. Byggir M á því að tjónið verði rakið til þess að starfsmenn X færðu til lagnir (heimæð) við húsnæðið og að þær framkvæmdir hafi leitt til þess að heitavatnslaust varð í húsnæðinu og snjóbræðslukerfi í bílaplani hafi hætt að virka, nokkuð sem hafi leitt til frostsKemmda. Telur M að orsök þessa hafi verðið sú að við framkvæmdir starfsmanna X hafi sandur komist í inntakssíu. Jafnframt byggja M á því að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna X.

Möguleg skaðabótaábyrgð X byggir á því að sýnt sé fram á að M eigi skaðabótakröfu á hendur X á grundvelli annað hvort sakarreglunnar eða reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Báðar þessar bótareglur gera það m.a. að skilyrði að M takist að sanna að þau hafi orðið fyrir tjóni sem rekja megi til saknæmrar háttsemi X eða starfsmanna sem X ber vinnuveitandaábyrgð á og að orsakatengsl séu á milli þeirrar háttsemi og tjóns M.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing pípulagningameistara, dags. 22. október 2024. Þar segir m.a. að þegar hann kom í húsnæði M 17. janúar 2024 hafi inntakssían hjá X verið svo stífluð að ekkert vatn hafi komist þar í gegn fyrr en hann hafði hreinsað síuna. Taldi pípulagningameistarinn að stífluna megi rekja til vinnu starfsmanna X tveimur dögum fyrr, þ.e. 15. janúar 2024. Tók hann sérstaklega fram að stíflan hafi verið það mikil að ekki væri möguleiki á að hún hafi myndast smám saman eða af eðlilegum ástæðum. Skýringarinnar sé því að leita í því að mikill sandur hafi komist í rörið við vinnu starfsmanna X 15. janúar 2024 sem hafi ollið því að ekkert heitt vatn komst inn í húsið strax frá þeim degi og þar til hann losaði stífluna 17. janúar 2024.

Eins og gerð hefur verið grein fyrir að framan er ágreiningur um það í málinu hvenær starfsmenn X unnu hið umrædda verk. Á meðan M byggir á því að verkið hafi verið unnið 15. janúar 2024 fullyrðir X að það hafi verið unnið 9. janúar sama ár. Gegn eindreginni neitun X telur nefndin ósannað að umrætt verk hafi verið unnið 15. janúar heldur beri að miða við að það hafi verið unnið 9. janúar 2024, þ.e. sex dögum áður. Eins og að framan greinir lögðu M fram yfirlýsingu frá pípulagningarmeistara þar sem m.a. kom fram að hann telur að stíflan hafi ekki getað myndast smám saman eða af eðlilegum ástæðum. Af því má að mati nefndarinnar draga þá ályktun að ef rekja hefði mátt stífluna til verks þess sem starfsmenn X unnu 9. janúar, þá hefði heitavatnsleysi átt að verða vart mun fyrr en raunin varð. Nefndin telur því ósannað að orsakatengsl séu milli þess verks sem starfsmenn X unnu 9. janúar og hitavatnsleysis sem varð vart 15. janúar og í framahaldi af því þess tjóns sem M byggja á að rakið verði til heitavatnsleysisins.

Að fenginni framangreindri niðurstöðu telur nefndin ekki þörf á að fjalla frekar um þá málsástæðu M að tjónið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna M. Niðurstaðan verður því sú að M eiga ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

Því er hafnað að bæta beri tjón M úr ábyrgðartryggingu þeirri sem X er með hjá V.

Reykjavík, 18. júní 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Margrét Arnheiður Jónsdóttir